

Menntun og mannækt

Njarðvíkurskóli



Víkurféttir

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2018-2019

1. Inngangur	3
2. Sjálfsmat.....	3
2.1 Tilgangur matsins.....	3
2.2 Rökstuðningur	4
2.3 Lesendur	4
3. Um skólann	4
3.1 Lýsing á skólanum	4
3.2 Stefna skólans.....	4
3.2.1 Menntun	4
3.2.2 Mannrækt	4
3.2.3 Markmið	5
3.2.4 Leiðir	5
3.3 Stjórnun.....	5
3.4 Nám og kennsla.....	6
3.5 Námsmat.....	6
3.6 Agamál	7
3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun.....	7
3.8 Foreldrasamstarf.....	8
3.9 Skólanámskrá	8
4. Viðmið við matið.	8
5. Sjálfsmatsaðferðir.....	8
5.1 Matstæki	9
5.1.1 Nemendakannanir.....	9
5.1.2 Starfsmannakannanir	10
5.1.3 Foreldrakannanir	10
6. Niðurstöður.....	11
6.1 Stefnumörkun og stjórnun.....	11
6.2 Upplýsingastreymi	12
6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna	13
6.4 Nemendur – árangur og líðan.....	13
6.4.1 Niðurstöðum úr Skólapúlsinum 2018-2019 og viðhorfskönnun foreldra 2019	13
6.4.2 Samræmd próf.....	20
6.4.3 Lestrar- og stærðfræðiskimanir	23
6.5 Kennsluaðferðir og mat.....	26
6.6 Samskipti við foreldra	27
7. Framkvæmdamat.....	29
8. Umbótaáætlun	31

1. Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur sú skýrsla mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárið 2018-2019. Matið er unnið af stjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem liggja fyrir í lok skólaárs. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans og stefnu Reykjanesbæjar í fræðslumálum. Sterkar og veikar hliðar á þeim þáttum skólastarfsins sem teknar voru til athugunar í matsspurningum sem settar voru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla eru metnar. Umbóta- og aðgerðaáætlun er unnin á grunni sjálfsmatsskýrslunnar.

2. Sjálfsmat

2.1 Tilgangur matsins

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp skipulegt, áreiðanlegt og umbótamiðað mat á helstu þáttum skólastarfsins. Unnið hefur verið að viðmiðum um mat sem fram koma í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Við úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans 2008 uppfyllti Njarðvíkurskóli öll viðmið um aðferðir og framkvæmd. Yfirumsjón með mati á skólastarfi hafa stjórnendur skólans, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar. Umbótaáætlanir eru byggðar á greiningu á starfsmannasamtölum, niðurstöðum svara við spurningalistum sem lagðir eru fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra. Einnig eru áætlanir byggðar á niðurstöðum skimunar- og könnunarprófa.

Tilgangur matsins er fyrst og fremst sá að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megintilgangur með sjálfsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og það er stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

Tilgangur og markmið með sjálfsmati í skólastarfi er að:

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnuninni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni
- skapa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við erfiðar aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

2.2 Rökstuðningur

Í lögum um grunnskóla nr. 658/2009 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grunvelli 2. og 3. greinar laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra sem við á. Grunnskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sig, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur

Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru sterkar og veikar hliðar hans. Sjálfsmatið er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og unnið því til framdráttar. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og bera það saman við þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Einnig hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

2.3 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuþagg fyrir starfsmenn skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast megi að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún er kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, foreldrum, fræðsluráði og bæjaryfirvöldum. Einnig er hún birt á heimasíðu og Facebook síðu skólans.

3. Um skólann

3.1 Lýsing á skólanum

Njarðvíkurskóli var stofnaður 1942 og var skólahúsnæðið tekið í notkun í febrúar 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnæði, síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Veturinn 2018-2019 voru 402 nemendur í 1.-10. bekk í skólanum. Skólinn hefur einnig undir sinni stjórn tvær sérdeildir sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru deildirnar í tveimur húsum á lóð skólans. Önnur deildin, Ösp, er ætluð þroskahömluðum nemendum og hin deildin, Björk er ætluð nemendum sem vegna hegðunarerfiðleika í heimaskólum sínum eru tímabundið vistaðir í deildinni.

3.2 Stefna skólans

Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt.

3.2.1 Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstöð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

3.2.2 Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

3.2.3 Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmið okkar eru ennfremur að nemendur:

- beri ábyrgð á eigin námi.
- verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði.
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni.
- þjálfí félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- verði færir um að meta stöðu sína í námi.
- verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt.
- læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga.
- læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra.
- beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

3.2.4 Leiðir

Með því að:

- vinna með lykilhæfni með öllum nemendum,
- leggja rækt við það góða í manneskjunni,
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum,
- leggja áherslu á jákvæðan aga,
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina,
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur,
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og foreldra
- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk,
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt,
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda,
- þjálfa tjáningu og framsögn.

Stefna skólans tekur einnig mið af menntastefnu Reykjanesbæjar þar sem kemur m.a. fram að: „Börn og ungmenni í Reykjanesbæ hljóti góða almenna menntun og fái tækifæri til þess að vaxa og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi“. Grunnsólar í Reykjanesbæ gegna því hlutverki að að veita nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Allir grunnskólar bæjarins eiga að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag og hvetjandi námsumhverfi. Stöðugt skal leggja áherslu á framþróun í skólastarfi sem miðar að því að auka árangur, vellíðan og heilbrigði nemenda. (úr Menntastefnu Reykjanesbæjar, 2016)

3.3 Stjórnun

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eldri og yngri deilda. Við skólann starfar námsráðgjafi í 80% starfi. Ýmis teymi og nefndir kennara eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem lestrarteymi, umhverfis- og grænánateymi, PBS teymi, eineltisteymi, jafnréttisnefnd, áfallateymi, hátíðar- og viðburðanefnd, spjaldtölvu- og tækniteymi o.fl. Fastir starfsmannafundir eru fjórum sinnum á önn, kennarafundir einu sinni í mánuði og deildarfundir einu sinni í mánuði. Nemendaverndarráð er skipað stjórnendum skólans, sérkennurum skólans, þroskaþjálfra,

námsráðgjafa, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi og kennsluráðgjafa frá Fræðsluskrifstofu RNB. Auk þess kemur tengiliður barnaverndar á fund ráðsins einu sinni í mánuði. Ráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðamálum nemenda. Við skólann starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra og fundar það reglulega. Einnig er starfandi foreldrafélag við skólann.

3.4 Nám og kennsla.

Í Njarðvíkurskóla eru tíu árgangar og í öllum árgöngum eru tveir bekkir nema í 2. bekk þá eru þrír bekkir í árgangi vegna fjölmennis í árgangi. Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og er það viðurkennt að nemendur þurfa mislangan tíma til að ná settum markmiðum. Nemendur í 8.-10. bekk hafa sex tíma í valgreinum á viku auk þess sem einn tími í stundatöflu er bóklegt val en þar geta nemendur valið úr íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku í hvað þeir vilja fara. Þann tíma eiga þeir að nota til að dýpka skilning sinn í námsgreininni eða fá aðstoð kennara við ákveðin verkefni. Nemendur í 9. og 10. bekk geta einnig sótt tilteknar valgreinar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun, tónlistarnám og starf með björgunarsveit metið sem val. Í list- og verkgreinum í 1.-7. bekk er bekkjum skipt í tvo hópa.

3.5 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu svo hugsa þarf um það sem leiðarvísir í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og aðstoða þá í því að ná markmiðum sínum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um námsframvindu nemenda svo þeir geti skipulagt áframhaldandi nám sitt í samræmi við það. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar en með fjölbreyttu alhliða mati eru nemendur að yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að bera ábyrgð á eigin námi sem er eitt af mikilvægum atriðum lykilhæfninnar. Með því að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess. Símat er á vinnu nemenda allt skólaárið en með símati metur kennarinn færni nemenda í námi og starfi á sem fjölbreytilegastan hátt og getur þá í framhaldi veitt nemanda leiðsögn um hvernig hann getur bætt sig. Helstu áherslu í símati eru:

- Verkefni, ritgerðir, vinnubrögð og frágangur
- Vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skil á heimavinnu
- Kannanir og próf
- Mat á hópavinnu og samstarf/samvinna
- Sjálfsmat nemenda og jafningjamat.

Kennari heldur utan um skráninguna jafnóðum skráir námsmatið á Mentor og svo fá nemendur vitnisburðarblað á skólaslitum.

Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiss konar stuðning við próftöku svo sem eins og að taka próf í fámennari hóp, með lengri próftíma eða lestar- og/eða skriftarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunnus nemenda þegar metið er.

Skólaárið er ein önn og fá nemendur formlegan vitnisburð í lok skólaársins í júní. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá þó óformlegan vitnisburð á samtalsdegi í janúar þar sem farið var yfir það námsmat sem þá var lokið. Á samtalsdegi í október var farið yfir markmiðssetningu nemenda fyrir skólaárið auk þess sem foreldrar og umsjónarkennari ræða um námslega og félagslega stöðu nemandans. Í byrjun maí eiga fá nemendur mat á lykilhæfni þar sem umsjónarkennari auk annarra kennara sem koma að nemendum meta nemendur í eftirfarandi lykilhæfniflokkum: tjáning og miðlun, samvinna, skapandi og gagnrýnin hugsun, nýting miðla og upplýsinga, sjálfstæði, ábyrgð og mat á eigin námi.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Útfærsla námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram á Mentor hjá nemendum. Deildarstjóri eldra stigs hélt utan um innleiðingu á námsmati skv. aðalnámskrá grunnskóla ásamt öðrum stjórnendum og sá um að kynna fyrir kennurum, nemendum og foreldrum skipulag námsmats.

Einkunnir nemenda í 1. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok skólaárs. Hjá nemendum í 1.-6. bekk var vísað í sundurliðun á hæfnimati nemenda á Mentor í öllum fögum en lesfimi, lesskilningur, ástundun og umsögn kom fram á vitnisburðarblaði. Nemendur í 7.-9. bekk fengu einkunn fyrir grunnfög, valfög, lesfimi, lesskilning og ástundun. er gefin í tölum. Þar var einnig vísað í sundurliðun á hæfniviðmiðum á Mentor. Nemendur í 10. bekk fengu einkunn í bókstöfum út frá matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Lesfímieinkunn var gefin í orð lesin á mínútu þar sem metin voru lestrarnákvæmni og leshraði. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa nemendur að geta lesið a.m.k. 180 orð á mínútu til að geta komist yfir það námsefni sem ætlast er til af þeim á framhaldsskólastigi. Stuðst er við viðmið í lesfimi frá Menntamálastofnun sem voru tekin til notkunar á skólaárinu eftir vinnu við þróun og skimunar- og stöðuprófa frá árinu 2015.

3.6 Agamál

PBS

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS (Positive Behavior Support) eða *Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun*. PBS er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkáætlun er í höndum teymis sem fundar reglulega undir handleiðslu teymisstjóra.

Stöndum saman gegn einelti

Njarðvíkurskóli vinnur eftir Stöndum saman gegn einelti sem er unnið í anda PBS agakerfinu. Nemendum er kennt að bregðast við áreiti með ákveðnu merki (bæði líkamstjáningu og orðum), ganga frá og síðast segja frá (hættu-gakktu-segðu frá). Unnið er markvisst að því að kenna nemendum og þjálfra í aðstæðum, sem þolanda, geranda og áhorfenda. Í skólanum starfar teymi sem hefur það verkefni að vinna að málum um grun um einelti. Teymið vinnur eftir sérstökum verkferlum sem aðgengilegir eru á heimasíðu skólans. Teymið skoðar sérstaklega niðurstöður í svörum nemenda í Skólpúlsum varðandi einelti.

3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Við Njarðvíkurskóla starfa 80 starfsmenn þar af 30 kennarar, 1 sérkennari, 11 leiðbeinendur, 4 þroskaþjálfar, 22 stuðningsfulltrúar, 4 almennir starfsmenn skóla/gangaverðir, skólaritari, umsjónarmaður, bókavörður, umsjónarmaður frístundaskóla og starfsmenn frístundaskóla,

deildastjórar sérdeildanna Bjarkar og Aspar auk skólastjórnenda. Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allir starfsmenn stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vinnur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsmanna sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

3.8 Foreldrasamstarf

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á að góð samvinna takist á milli heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Mikilvægt er að foreldrar séu sáttnir við starf skólans og styðji það. Unnið er í nánun samstarfi við foreldrafélag skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans og er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Við skólann starfar foreldrafélag og skólaráð. Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu s.s jólafondri. Bekkjjarfulltrúar/foreldrahópar koma að samstarfi við kennara að skipulagi að bekkjarskemmtnum. Skólaráð fundar reglulega undir stjórn skólastjóra.

3.9 Skólanámskrá

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þær verklagsreglur sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirumeli Aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næsta skólaár sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í fjóra hluta: Almennan hluta, starfsáætlun skóla, bekkjarnámskrár og starfsmannahandbók og er allir hlutar hennar fyrir utan starfsmannahandbókina birtir á heimasíðu skólans.

Starfsáætlun skólanámskrár er endurskoðuð árlega en almennur hluti hennar er endurskoðaður á þriggja ára fresti. Á skólaárinu 2018-2019 var farið í endurskoðun á skólanámskránni

4. Viðmið við matið.

Í „Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla“ kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtalдар matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

5. Sjálfsmatsaðferðir

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspurninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaráætlun þar um.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir

foreldra, starfsmenn og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfsskönnunum og tölfraðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

5.1 Matstæki

5.1.1 Nemendakannanir

-Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Gerð spurningakvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var fyrsta ár Skólapúlsins í notkun. Nú fá þátttökuskólar upplýsingar um stöðu nemenda sinna reglulega í línuritum. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Nemendum í 6.-10. bekk er skipt í fjóra hópa sem taka könnunina á mismunandi tíma á skólaárinu, þ.e. í október, desember, febrúar og apríl.

Svörun í Skólapúslinum í ár var 93,9% eða alls 154 nemendur af 164.

-Lesferill Menntamálastofnunar sem skiptist í eftirfarandi hluta

- lesfimi sem er markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-10. bekk. Kennarar leggja fyrir nemendur lesfimiþróf á ákveðnum tímasetningum og færa niðurstöður þeirra inn í Skólagátt Menntamálastofnunar sem eru aðgengileg stjórnendum. Niðurstöður eru einnig færðar inn á Mentor svo þær séu aðgengilegar foreldrum.
- lesskimun lögð fyrir nemendur í 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar. Niðurstöður eru sendar foreldrum og unnið með niðurstöður í skóla og heima.
- stuðningspróf sem eru markvisst lögð fyrir nemendur í 1. og 2 bekk jafnt og þétt yfir skólaárið. Stuðningsprófin eru einnig lögð fyrir nemendur í 3.-10. bekk sem ná ekki 90% viðmiðum í lesfimi sem Menntamálastofnun settur. Niðurstöður eru settar á Mentor og eru þannig aðgengilegar foreldrum í gegnum fjölskylduvef Mentors. Þeir nemendur sem fara í stuðningspróf Lesferils fá einstaklingsverkefni sem þeir vinna í skóla og með aðstoð foreldra til að efla lesfærni.
- Orðarún – lesskilningspróf. Lögð fyrir nemendur í 3.-8. bekk tvisvar sinnum á skólaárinu. Niðurstöður færðar inn á Mentor og eru þannig aðgengilegar foreldrum.

-Logos – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. 6. og 9. bekk, niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og bréf sent til foreldra. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

-**Talnalykill** – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. og 6. bekk. Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum. Niðurstöður nýttar til að skoða hversu vel nemendur eru staddir í grunnatriðum stærðfræðinnar miðað við markmið árgangs.

-**Samræmd próf** í 4., 7. og 9. bekk frá Menntamálastofnun. Nemendur í 4. og 7. bekk þreyta prófin í september en nemendur í 9. bekk í mars. Prófin eru rafræn og gekk það fyrirkomulag mjög vel hjá öllum hópum. Niðurstöður eru sendar heim með nemendum og prófin eru greind af kennurum og í framhaldi er skoðað hvar þarf að vinna betur og hvar eru styrkleikar. Niðurstöður einnig kynntar starfsmönnum skólans og skólaráði.

-**Námsmat** í lok skólaárs, kynnt nemendum og foreldrum.

5.1.2 Starfsmannakannanir

-**Starfsmannasamtöl** í mars/apríl. Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

-**Kaffihúsafundur.** Matsfundur starfsfólks á starfsdögum í júní. Þar er farið yfir einstaka þætti skólastarfsins, starfsaðstöðu og líðan/samskipti starfsfólks.

-**Stjórnendaheimsókn í kennslu.** Stjórnendur skiptu með sér að fylgjast með kennslu hjá kennurum og gefa endurmat á kennslu á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt eftir áhorf.

-**Endur- og símenntunaráætlun**

- **Skýrslur teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans**

- **Framkvæmdarmat á viðburðum skólaársins**

5.1.3 Foreldrakannanir

-**Skólakynningarfundir, foreldraviðtöl, foreldrasamstarf.** Talning á mætingu og samtekt á athugasemdum og ábendingum sem fram koma í viðtölum við nemendur og foreldra

-**Viðhorfskönnun foreldra** í tengslum við foreldradag í janúar lögð fyrir foreldra nemenda í 3., 6. og 9. bekk. Foreldrar svöruðu spurningum á spjaldtölvur á sal skólans eftir viðtalið. Alls voru svör fyrir nemendur í 3. bekk 37 en 46 nemendur eru í árgangnum. Í 6. bekk voru 25 svör en 32 nemendur er í árgangnum og í 9. bekk voru 36 svör en 39 nemendur eru í árgangnum. Svörun er í við betri í ár en í fyrra. Foreldrar svara á spjaldtölvur á sal eftir foreldraviðtalið og eru starfsmenn í sal til að minna foreldra á að svara. Foreldrar merkja við og er tengill sendur heim til þeirra sem ekki svara.

-**Skólapúlsinn.** Foreldrakönnun Skólapúlssins er rafræn könnun sem er send á úrtak foreldra í janúar. Mikilvægt er að svörun sé yfir 80% til þess að niðurstöður séu marktækar. Könnunin sem er lögð fyrir annaðhvert ár og kannar nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og

þjónustu, foreldrasamstarf og þjónustu. Fjöldi þátttakenda í Njarðvíkurskóla var 118. Fjöldi svarenda var 98 og svarhlutfall 83,1%.


6. Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum matsins. Farið er yfir hverja matsspurningu fyrir sig sem sett var fram í upphafi og metnir styrk- og veikleikar. Einnig eru þau viðmið sem sett eru í skólanum tilgreind þar sem við á.


6.1 Stefnumörkun og stjórnun

Fyrsta matsspurningin er hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun.

Á matsdegi í janúar 2019 svöruðu 92% foreldra því að þeir væru mjög eða frekar sammála um að vera ánægðir með stjórnun skólans sem lítilsháttar hækkun frá síðasta skólaári. Þá eru 88% foreldra mjög sammála eða frekar sammála því að skólastjórnendur séu áhugasamir um að bæta skólastarfið sem örlítil lækkun frá síðasta skólaári. Þá telja 92% foreldra að stefna og markmið kynnt sé kynnt með skýrum hætti sem er 4% hækkun frá síðasta ári.



Í foreldrakönnun Skólalapsins kemur fram að 93% foreldra eru ánægð með stjórnun skólans og er það sama niðurstaða og fyrir 2 árum þegar könnunin var lögð fyrir síðast. Það er 3.2% yfir landsmeðaltali.




Ekki var lögð fyrir starfsmannakönnun Skólapúlsins þetta skólaári svo engar mælingar um viðhorf starfsmanna um stjórnun skólans eru til birtingar. Nokkrir punktar komu þó fram á árlega kaffihúsafundinum á starfsdögum á vori sem gáfu til kynna almenna ánægju með stjórnun skólans en þó kom fram að stjórnendur mættu vera sýnilegri. Skólastjórnendur fóru í markvissar kennsluheimsóknir á haustönn og var almenn ánægja með þær en einnig var rætt á kaffihúsafundinum að setja á skipulagðar heimsóknir kennara í kennslu hjá öðrum kennurum. Í starfsmannasamtölum að vori kom fram ánægja með stjórnun skólans. Það sem helst kom fram um að mætti bæta var skýrara skipulag á því hvaða stjórnandi tekur á hvaða málefni. Mikil ánægja var meðal starfsmanna með fækkun á fundum á þessu skólaári.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:


- Mikill styrkur að það er aukning á jákvæðu viðhorfi í öllum spurningum er snúa að stjórnun skólans hjá foreldrum.
- Ánægja foreldra kemur einnig fram í foreldrakönnun Skólapúlsins og er gott að hafa niðurstöður úr fleiri en einni könnun til að styðjast við.
- Starfsmenn almennt ánægðir og kom það fram bæði í starfsmannaviðtölum sem og á kaffihúsafundinum.
- Mikilvægt að setja skýrar fram verksemið hvers stjórnanda.

6.2 Upplýsingastreymi

Niðurstöður foreldrakönnunar frá foreldradegi í janúar sýna að 94% foreldra eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingastreymi frá skólanum sé gott sem eru svipaðar niðurstöður og í fyrra. 3% foreldra eru frekar eða mjög ósammála því að upplýsingastreymi sé gott, aðrir svara hvorki né.



Eins kemur fram að foreldrar upplifa sig vel upplýsta um stefnu skólans og er það marktækt yfir landsmeðatali, eða 11.4%. Áberandi er að foreldrar nemenda í 1.-4. bekk séu upplýstir um stefnu skólans og námskrá eða 92,3% foreldra í úrtaki könnunar.



Í starfsmannaviðtölum að vori kom fram að almennt eru starfsmenn ánægðir með upplýsingarfræði í skólanum en á kaffihúsafundinum að vori kom fram punktur um að passa þarf vel upp á upplýsingarstreymi og mikilvægt að upplýsa nýja starfsmenn vel, sérstaklega þá sem koma inn á miðju skólaári. Eins þarf að passa vel að upplýsingar berist milli skrifstofu skólans og sérdeilda sem starfa við skólann.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Foreldrar eru mjög ánægðir með upplýsingarstreymi sem þeir fá frá skólanum.
- Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins sýna marktækt hærri niðurstöður hjá foreldrum um að þeir séu upplýstir um stefnu skólans og námskrá
- Haldið áfram að nota Facebook síðu skólans til að miðla fréttum úr skólastarfi og hefur það gefist vel.
- Starfsmenn upplifa að ekki er alltaf gott upplýsingarstreymi. Stefnt er að innleiðingu á Workplace samskiptaforritinu hjá bæjarfélaginu í haust og kemur það örugglega til með að bæta upplýsingarstreymi innan starfsmannahópsins sem og innan starfsmannahópa bæjarfélagsins.

6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna

Í starfsmannasamtölum var spurt um líðan og kemur þar fram að starfsmönnum líður almennt mjög vel. Á kvarðanum 1-3-5-7-9 þá gefa 47.4% starfsmanna einkunina 9 um ánægju í starfi og 47.4% starfsmanna einkunina 7. Í spurningu um starfsanda og samskipti á vinnustað gefa 67,1% starfsmanna því einkunina 9 og 30,3% einkunina 7. Unnið var markvisst að því að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum samskiptum á vinnustaðnum sem kom einnig fram á kaffihúsafundinum á vordögum. Voru þá nefndir punktar s.s. breytt fyrirkomulag á fundum og viðveru starfsmanna, uppákomur og heimboð sem stjórnendur stóðu fyrir. Einnig var boðið upp á erindi fyrir starfsmenn til að vinna að jákvæðum starfsanda frá Pálmari Ragnarssyni auk þess sem kennurum var boðið uppá námskeið frá Hugarfrelsi sem mældist vel fyrir. Þá kom einnig fram í starfsmannaviðtölum ánægja með haustferð starfsmanna.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í starfi sem kemur fram bæði í starfsmannasamtölum sem og á kaffihúsafundinum
- Þar sem starfsmannakönnun Skólapúlsins var ekki lögð fyrir þetta skólaárið þá eru mælingar um starfsmannaánægju helst til óformlegar eins og í punktum úr starfsmannasamtölum og úr umræðum á kaffihúsafundinum en starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir þriðja hvert ár.

6.4 Nemendur – árangur og líðan

6.4.1 Niðurstöðum úr Skólapúlsinum 2018-2019 og viðhorfskönnun foreldra 2019

Fyrsta starfsár Skólapúlsins, 2008-2009 var forprófunarár vegna þess að takmarkaður aðgangur var að gögnum til að stilla af kvarðana í spurningalistanum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þegar niðurstöður úr hverri spurningu eru reiknaðar þá er það reiknað út í prósentum.


Þeir þættir sem spurt er um í nemendakönnun Skólapúlsins eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Einnig er nemendum gefin kostur á því að koma með

athugasemdir í opin svör, bæði um það sem þeir eru ánægðir með og það sem þeir vilja sjá öðruvísi í skólastarfinu.

1. Virkni nemenda í skólanum


Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	151	-0,2	4,7	16.236	-0,3*
1.2. Þrautseigja í námi	5,1	152	0,1	4,9	16.206	0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,5	152	0,0	5,0	16.431	0,5*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,3	152	-0,4	4,8	16.414	0,5*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,8	152	-0,1	4,9	16.208	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,3	152	-0,4	4,8	16.417	-0,5*

Í matsþættinum um virkn nemenda í skólanum koma nemendur í Njarðvíkurskóla enn eitt árið undir landsmeðaltali í ánægju af lestri og er það áhyggjuefni þrátt fyrir að lestrarteymi skólans hafi unnið út frá niðurstöðum að bæta ánægju af lestri. Lestrarteymið mun halda áfram að vinna með þá punkta sem komu fram á lýðræðisfundi sem haldinn var á skólaárinu meðal nemenda þar sem þeir komu með hugmyndir um leiðir til að auka áhuga nemenda á lestri. Sé skoðað munur á milli árganga þá eru allir árgangar undir landsmeðaltali.




Hins vegar eru nemendur marktækt yfir landsmeðaltali í áhuga á stærðfræði og náttúrufræði eða +0,5 í báðum fögum.


Sé munurinn milli árganga skoðaður þá eru allir árgangar yfir landsmeðaltali nema nemendur í 8. bekk sem eru aðeins undir.



Það sama á við um náttúrufræðina en þá eru allir árgangar vel yfir landsmeðaltali nema nemendur í 8. bekk og nemendur í 7. bekk eru til jafns við landsmeðaltal.



Í matsþáttunum þrautsegja í námi, trú á eigin námsgetu og trú á eigin vinnubrögð í námi þá eru nemendur í Njarðvíkurskóla undir landsmeðaltali og þá sérstaklega í matsþættnum trú á eigin námsgetu. Sé skoðað niðurstöður hvers árgangs kemur í ljós að allir árgangar könnunarinnar eru undir landsmeðaltali, en nemendur 8. bekkjar þó mest.




2. Líðan og heilsa


Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,2	152	-0,7	4,7	16.179	-0,5*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	152	-0,7	4,7	16.147	-0,2
2.3. Vellíðan	4,4	152	-0,8	4,8	16.350	-0,4*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	37	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,7	151	0,6	5,3	16.327	0,4*
2.6. Tíðni eineltis	16,7%	25/150	6,6%	12,2%	2081/16274	4,5%
2.7. Staðir eineltis	-	25	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	39,7%	60/151	-	44,7%	7153/15949	-5,0%
2.9. Hollt mataræði	4,4	150	-0,1	4,8	16.073	-0,4*

Í spurningarþættinum um líðan og heilsu eru nemendur í Njarðvíkurskóla að koma verr út en landsmeðaltal í öllum þáttum og marktækt slakara í sjálfsálit og vellíðan. Einnig er tíðni hreyfingar lakari en landsmeðaltal sem og hollt mataræði.


Niðurstöður nemendakönnunar samræmast þó ekki niðurstöðum foreldrakönnunar Skólaláupsins þar sem foreldrar svara um líðan barnsins síns almennt í skólanum. Þar erum við aðeins fyrir ofan landsmeðaltal, sérstaklega á mið- og unglingastigi.




Árgangamunur á vellíðan sýnir að það er helst nemendur í 6. og 8. bekk sem svara að þeim líði ekki vel og voru þessar niðurstöður sérstaklega ræddar á kaffihúsafundi að vori og hvað væri til ráða.



Sé tíðni eineltis skoðuð þá mælist hún fyrir ofan landsmeðaltal bæði í nemenda- og foreldrakönnun Skólapúlsins. Í niðurstöðum í nemendakönnun kemur fram að munur milli kynja er mikill en í spurningunni sem liggur þarna að baki sem er hefur þú verið lagður í einelti síðustu 30 daga þá svara 21,8% stúlkna játandi en 9,5% drengja.




Tölurnar í umfangi eineltis í foreldrakönnun Skólapúlsins eru aðeins lægri hjá stúlkunum þar sem spurt er um umfang eineltis í skólanum að mati foreldra en í heild yfir landsmeðaltali. Þarna er verk að vinna þar sem þessar tölur ríma ekki við tilkynnt eineltismál til eineltisteymis skólans.



Eineltisteymi er starfandi er skólanum og komu 2 mál inn á boð teymisins sem unnið var með þau öll í samráði við nemendur og foreldra/forráðamenn þannig öll málin leystust á jákvæðan hátt. Eineltisteymið er einnig ávallt með verkferla skólans í endurskoðun til að gera vinnu teymisins markvissari og skýrari. Verkferlar eineltisteymis eru á heimasíðu skólans sem og tilkynningarblað.

Í viðhorfsskönnun foreldra í 3., 6. og 9. bekk þá kemur fram að 90% foreldra upplifa að barninu þeirra líður vel í skólanum og 81% foreldra segja að samskipti milli nemenda eru góð. Þá segja 78% foreldra að skólinn taki af festu á aga og eineltismálum en 6% foreldra eru því frekar eða mjög ósammála. Athygli vekur hversu margir svara hvorki né bæði varðandi samskipti og aga og eineltismál en það eru um 15% þátttakenda sem hafa ekki skoðun í þessum tveimur spurningum.




Í þriðja þætti Skólapúlsins er spurt um skóla- og bekkjaranda.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	148	-0,4	4,9	16.055	-0,4*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	148	-0,2	5,0	16.259	-0,2
3.3. Agi í tímum	5,0	147	0,1	4,9	16.248	0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	148	-0,4	5,1	16.218	-0,2
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,0	148	-	4,7	14.813	0,3*


Nemendur í Njarðvíkurskóla eru marktækt undir landsmeðaltali í samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara í virkri þátttöku í tímum.

Sé skoðað munur milli árganga í samsömun við nemendahópinn þá eru það nemendur í 8. bekk sem eru lægst undir landsmeðaltali. Það á einnig við í spurningunni um samband nemenda við kennara og í þátttöku nemenda í tímum. Þessar niðurstöður voru eins og áður sagði sérstaklega til umræðu á kaffihúsafundinum þar sem allir kennarar sem kenna 8. bekk ræddu aðgerðir til að styrkja nemendahópinn á næsta skólaári.




Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur einnig fram að foreldrar telja að það sé hæfilegur agi í skólanum og mælist það fyrir ofan landsmeðaltal og marktækt hærra hjá foreldrum drengja.

1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra – Kyn*




En í mikilvægi heimavinnu í námi koma nemendur í Njarðvíkurskóla marktækt yfir landsmeðaltali og á það við bæði kynin. Spurningarnar sem liggja þar að baki eru að nemandi kárar heimavinnuna á réttum tíma, kennarar fara yfir heimavinnu og nemendur fá heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð.

3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu – Kyn



Ágætlega gengur að vinna eftir PBS agakerfinu en mikilvægt er að halda starfsfólki vel við efnið sem og nemendum. PBS teymið var ágætlega virkt á skólaárinu, stóð fyrir kynningum fyrir starfsfólk, litadögum fyrir nemendur sem gefa alltaf góðan brag og lögðu þarfagreiningu fyrir í lok skólaárs. Niðurstöður hennar verða kynntar starfsfólki í haust. Í opnum svörum í þarfagreiningunni kemur þó fram að mikilvægt er að fara vel yfir aðferðir til að leiðrétta hegðun og vinna með óæskilega hegðun. Á námsmatsdegi í janúar 2019 svara foreldrar spurningum um þeirra upplifun af PBS agakerfinu. Niðurstöður úr viðhorfsskönnun á foreldradegi eru þannig að nær allir eru mjög eða frekar ánægðir með agakerfið og telja það bæta hegðun barnsins síns. Aðeins 1% foreldra er mjög ósammála því að agakerfið hafi áhrif á hegðun barnsins síns.

Svörin úr viðhorfsskönnun hjá foreldrum
niðurstöður í prósentum

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:


- Áfram kemur skólinn illa út í áhuga nemenda á lestri þrátt fyrir virkt lestrarteymi sem stóð fyrir lýðræðisfundi meðal nemenda á skólaárinu. Þar komu fram margar góðar hugmyndir hjá nemendum sem fóru nokkrar í framkvæmd á árinu en aðrar bíða næsta skólaárs. Lestrarteymið heldur því áfram að vinna að bættum áhuga nemenda á lestri.
- Mikil ánægja nemenda í stærðfræði og náttúrufræði.
- Margir þættir varðandi líðan nemenda koma ekki vel út í niðurstöðum nemendakönnunar Skólapúlsins og þá sérstaklega hjá nemendum 8. bekkjar. Þær niðurstöður voru krufnar betur á kaffihúsafundi að vori hjá öllum kennurum sem koma að kennslu hjá nemendum 8. bekkjar.
- Í svörum nemenda sem og foreldra eru niðurstöður fyrir ofan landsmeðaltal varðandi umfang eineltis og þá sérstaklega í svörum nemenda. Svörin samræmast þó alls ekki tölum um tilkynnt eineltismál svo mikilvægt er á næsta skólaári að umsjónarkennarar taki einstaklingsviðtöl til að fá betri sýn á líðan nemenda.
- Foreldrar upplifa að barninu þeirra líði vel í skólanum sem er mjög gott.
- Jákvætt er að nemendur upplifi jákvæðni við heimavinnu, þ.e. að þeir fái endurgjöf frá kennara og að þeir fái heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð.
- Mikill meirihluti foreldra er ánægður með PBS agakerfið, 90% foreldra hafa mjög góða eða góða upplifun af agakerfinu sem er lítilsháttar aukning frá síðasta skólaári.
- 82% foreldra sem svöruðu telja að PBS agakerfið hafi jákvæð áhrif á hegðun barns síns sem er einnig lítilsháttar hækkun frá því á síðasta skólaári en athygli vekur að 17% foreldra svara hvorki né.
- Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að foreldrar telja aga í skólanum vera hæfilegan.

6.4.2 Samræmd próf

Á skólaárinu þreyttu nemendur í 4., 7. og 9. bekk samræmd próf. Nemendur í 4. og 7. bekk taka prófin í september en nemendur í 9. bekk í mars. Öll prófin gengu mjög vel í framkvæmd en þau voru eins og síðustu ár tekin rafrænt og stóðu nemendur sig með miklum sóma

Nemendur í 4. og 7. bekk taka próf í íslensku og stærðfræði en nemendur í 9. bekk taka íslensku, stærðfræði og ensku. Menntamálastofnun vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöður fyrir hvern nemanda og yfirlit yfir stöðu skólans í samanburði við aðra skóla á landinu á mælistiku á rafrænum grunni á Skólagátt. Árlega rýna kennarar og stjórnendur skólans í niðurstöður prófanna, bæði í heild sinni sem og innan ákveðinnar námsþátta. Þá er sérstaklega horft til framfarastuðuls nemenda í 7. og 9. bekk til að sjá hvort þeir séu að sýna framfarir eins og almennt gerist, slakari framfarir eða meiri framfarir. Markmið skólans er að vera fyrir ofan meðaltal á raðeinkunn sem er gefin frá 1-99. Niðurstöður eru sendar heim til foreldra á útprentuðu blaði.

Eftirfarandi niðurstöður voru á samræmdu prófunum í 4., 7. og 9. bekk skólaárið 2018-2019:



Eins og hér má sjá eru nemendur í Njarðvíkurskóla yfir í báðum prófum í 4. bekk, íslensku í 7. bekk og stærðfræði í 9. bekk. Önnur próf voru aðeins fyrir neðan landsmeðaltal í raðeinkunn.

Í 4. bekk voru 33 nemendur sem þreyttu íslenskuprófið og 35 nemendur stærðfræðiprófið. Hér má sjá sundurliðun hjá þeim nemendum miðað við raðeinkunn. Sérstaklega er tekið fram hvernig nemendum gengur í lestri í íslenskuprófinu þar sem það gildir 75% af einkunn. Þá er einnig tekið fram niðurstaða í reikningur og aðgerðir innan stærðfræðiprófsins þar sem það gildir 50% af prófinu. Niðurstöður í 4. bekk voru mjög góðar og sérstaklega hversu fáir eru í lægsta hópi í raðeinkunn en aðeins 9.1% þegar landsmeðalta er 25% sem er frábær árangur. Þá er hópur nemenda með raðeinkunn 76-99 í stærðfræði 51,4% miðað við landsmeðaltal sem er 25%.

Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	33	3	9,1%	21	63,6%	9	27,3%
	Lestur	33	3	9,1%	23	69,7%	7	21,2%
Stærðfræði	Heild	35	3	8,6%	14	40,0%	18	51,4%
	Reikningur og aðgerðir	35	5	14,3%	17	48,6%	13	37,1%

Í 7. bekk voru það 28 nemendur sem tóku íslenskuprófi og 30 nemendur stærðfræðiprófið. Nemendur í 7. bekk eru að koma mun slakari út í lestri heldur en landsmeðaltal sem er 25% en 35,7% nemenda eru með 1-24 í raðeinkunn í lestri.

Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	28	8	28,6%	12	42,9%	8	28,6%
	Lestur	28	10	35,7%	11	39,3%	7	25,0%
Stærðfræði	Heild	30	7	23,3%	17	56,7%	6	20,0%
	Reikningur og aðgerðir	30	4	13,3%	20	66,7%	6	20,0%

Nemendur í 7. bekk eru flestir að halda sínu og sýna framfarir svipað og almennt gerist. Þó eru 4 nemendur sem eru með litlar eða minna en almennt gerist í framfarir í stærðfræði og aðeins einn sem er með umtalsverðar og enginn með meira en almennt gerist. Í íslensku eru 3 nemendur með minna en almennt gerist en fimm nemendur með meira en alment gerist og/eða umtalsverðar sem er mjög gott.

SAMRÆMD PRÓF		
7. BEKKUR		
FRAMFARIR	ÍSLenska	STÆRÐFRÆÐI
Litlar	0	2
Minna en almennt gerist	3	2
Svipað og almennt gerist	16	22
Meira en almennt gerist	2	0
Umtalsverðar	3	1
Tók ekki próf í 4. bekk	4	3
Alls nemendur í prófi	28	30

Í 9. bekk tóku 28 nemendur íslenskuprófið, 30 nemendur stærðfræðiprófið og 32 nemendur enskuprófið. Í felstum þáttum eru nemendur svipað og landsmeðaltal.

Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	28	5	17,9%	17	60,7%	6	21,4%
	Lestur	28	7	25,0%	14	50,0%	7	25,0%
Stærðfræði	Heild	30	8	26,7%	15	50,0%	7	23,3%
	Reikningur og aðgerðir	30	7	23,3%	14	46,7%	9	30,0%
Enska	Heild	32	6	18,8%	20	62,5%	6	18,8%
	Lestur	32	6	18,8%	20	62,5%	6	18,8%

Í 9. bekk eru einnig gefnar hæfnieinkunnir í bókstöfum og hér er sundurliðun á þeirri einkunn hjá okkar nemendum.

Hæfnieinkunnir

	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %
A	9,0%	1	3,6%	8,0%	6	20,0%	9,1%	1	3,1%
B+	13,2%	5	17,9%	12,1%	1	3,3%	13,5%	5	15,6%
B	32,8%	8	28,6%	31,6%	13	43,3%	36,0%	14	43,8%
C+	11,3%	5	17,9%	13,4%	0	0,0%	11,1%	1	3,1%
C	30,8%	8	28,6%	32,0%	10	33,3%	27,0%	11	34,4%
D	3,0%	1	3,6%	2,9%	0	0,0%	3,3%	0	0,0%
Heild		28			30			32	

Þegar framfarir nemenda í 9. bekk eru skoðaðar frá prófum í 7. bekk þá eru flestir nemendur að sýna svipaðar framfarir og almennt gerist. Í íslensku eru 2 nemendur með minna en almennt gerist í framförum en 5 nemendur með meira og/eða umtalsverðar framfarir frá 7. bekk sem er mjög gott. Í stærðfræði eru 9 nemendur með litlar og/eða minna en almennt gerist í framförum og 6 nemendur með meiri framfarir en almennt gerist og enginn með umtalsverðar. Svo fleiri nemendur eru að dragast aftur úr í stærðfræðinni en íslenskunni.

SAMRÆMD PRÓF		
9. BEKKUR		
FRAMFARIR	ÍSLENSKA	STÆRÐFRÆÐI
Litlar	0	5
Minna en almennt gerist	2	4
Svipað og almennt gerist	20	14
Meira en almennt gerist	3	6
Umtalsverðar	2	0
Tók ekki próf í 7. bekk	1	1
Alls nemendur í prófi	28	30

Samantekt á styrkleikum og veikleikum

- Viðmið okkar í Njarðvíkurskóla er að vera yfir 50 í raðeinkunn og náðum við því í fjórum prófum af sjö. Í þeim þremur sem við vorum undir munaði ekki miklu á því að vera á eða yfir landsmeðaltali.
- Fyrirlagnir í öllum prófunum gengu mjög vel og var eftirtektarvert hversu vel nemendur voru rólegir og duglegir í prófaðstæðum.
- Niðurstöður prófanna í 4. bekk voru mjög góðar
- Í niðurstöðum prófanna í 7. bekk má sjá að lestrarfærni nemenda er ábótavant og eru 35,7% nemenda í lægsta hópi nemenda í raðeinkunn í lestri
- Í framfarastuðli hjá 7. bekk kemur fram að flestir nemendur eru að halda framförum svipað og almennt gerist.
- Í framfarastuðli í 9. bekk eru of margir nemendur sem eru að sýna litlar eða minna en almennt gerist í framförum í stærðfræði.
- Stjórnendur og kennarar skoða vel niðurstöður samræmdra prófa með tilliti til þess hvar við erum að gera vel og hvar er sóknarfæri. Niðurstöður eru kynntar öllum starfsmönnum skólans og skólaráði.


6.4.3 Lestrar- og stærðfræðiskimanir

Nemendur í 1. bekk taka lesskimun til snemmtækrar íhlutunar og er unnið með niðurstöður heima og í skóla á þeim þáttum sem koma ekki vel út hjá nemendum. Deildastjóri yngra stigs sér um fyrirlögn prófanna og skipulag á vinnu með niðurstöður.

Allir nemendur í 1.-10. bekk taka lesfímipróf þrisvar sinnum yfir skólaárið, í september, janúar og í maí. Niðurstöðurnar eru færðar inn í Skólagátt Menntamálastofnunar sem heldur utan um niðurstöðurnar fyrir skóla landsins. Nemendur fá niðurstöður í fjölda orða á mínútu. Menntamálastofnun setur svo 3 viðmið í hverjum árgangi og miðað er við að 90% nemenda nái viðmiði 1, 50% nemenda nái viðmiði 2 og 25% nemenda nái viðmiði 3.


Niðurstöður nemenda í Njarðvíkurskóla við lok skólaárs eftir viðmiðum má sjá hér:

Fyrirlögn maí 2019, Njarðvíkurskóli



Hlutfallslega eru flestir nemendur í 7. bekk og 10. bekk sem eru undir viðmiðum en í 6. bekk og 10. bekk eru hlutfallslega flestir nemendur yfir 3 viðmiði.

Hér má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum í Njarðvíkurskóla í maí 2018.



Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja Logos skimun fyrir alla nemendur í 3. 6. og 9. bekk í Reykjanesbæ með það að markmiði að sjá stöðu hvers nemanda. Þeim nemendum sem koma illa út í þessum skimunum er boðið að fara í nánari Logos greiningu eða fá einstaklingsáætlun fyrir leshraða eða lesskilning í skólanum sem er unnið í samráði við heimilin. Aðallega eru skoðaðar niðurstöður úr leshraða og lesskilning og eru viðmiðin þau að nemandi undir 15 er í hættumörkum og þarf nánari skoðun, markvissari kennslu og frekari námsúræði. Nemandi sem er á milli 15-30 eru með vægari erfiðleika og ættu að ná færninni með frekari þjálfun í skóla sem og heima.

Hér er hægt að skoða niðurstöður hjá 3., 6. og 9. bekk skólaárið 2018-2019 og skoða í samanburði við tvö síðustu ár:

Leshraði:

3. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2016-2017	56%	16%	28%	100%
2017-2018	54,8%	14,3%	30,9%	100%
2018-2019	61,36%	13,64%	25%	100%

6. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2016-2017	50%	22,5%	27,5%	100%
2017-2018	43,3%	6,7%	50%	100%
2018-2019	24,1%	20,7%	55,2%	100%

9. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2016-2017	65,9%	6,8%	27,3%	100%
2017-2018	44,1%	17,7%	38,2%	100%
2018-2019	58,8%	11,8%	29,4%	100%

Lesskilningur:

3. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2016-2017	52%	20%	28%	100%
2017-2018	52,4%	9,5%	38,1%	100%
2018-2019	61,36%	11,36%	27,27	100%

6. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2016-2017	57,5%	15%	27,5%	100%
2017-2018	50%	10%	40%	100%
2018-2019	48,3%	27,6%	24,1%	100%

9. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2016-2017	72,7%	9,1%	18,2%	100%
2017-2018	61,8%	26,4%	11,8%	100%
2018-2019	50%	17,6%	32,4%	100%

Kennsluráðgjafar Fræðsluskrifstofunnar skila niðurstöðum á fundum með umsjónarkennurum og stjórnendum og þar er farið yfir leiðir til að vinna með þeim nemendum sem ekki koma nógu vel úr skimunninni. Þeir nemendur sem koma illa út er boðið þjálfunarefni og endurmat eftir þjálfun. Í öllum tilvikum þar sem þjálfun var vel sinnt, bæði heima og í skóla voru miklar framfarir hjá nemendum. Sérstaklega voru góðar framfarir hjá nemendum í 6. bekk sem fóru í átak í bæði í leshraða sem og lesskilningi og þeir 13 nemendur sem fóru í endurmat fóru allir yfir 30 í lesskilningi og 7 þeirra fóru yfir 30 í leshraða sem allir voru undir 30 í skimunninni. Niðurstöður á endurmati sýna að með markvissu inngripi og samvinnu heimilis og skóla er vel hægt að bæta færni nemenda.

Kennsluráðgjafar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja fyrir Talnalykil sem hópskimun til að kanna stærðfræðifærni nemenda í 3. og 6. bekk. Í Talnalykli eru skimað eftir færni í grunnþáttum sem nemendur á þessum aldri eiga að vera búin að ná tökum á. Mikilvægt er að nemendur nái yfir 70% í réttum svörum. Niðurstöður hjá 3. og 6. bekk skólaárið 2018-2019 voru eftirfarandi og hér er hægt að skoða þær niðurstöður í samanburði við síðustu tvö ár.

3. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2016-2017	37,5%	62,5%
2017-2018	65,9%	34,1%
2018-2019	44,2%	55,8%

6. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2016-2017	31,71%	68,29%
2017-2018	33,3%	66,7%
2018-2019	36,67%	63,33%

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Allir kennarar vinna eftir *Lestrarstefnu* skólans og nemendur taka lesfimiþróf og lesskilningsþróf með reglulegu millibili. Niðurstöður lesfimiþrófa eru settar inn á Skólagátt Menntamálastofnunar sem vinnur úr niðurstöðum. Niðurstöður sýna að nemendur í 1. bekk eru að fara vel af stað í skólagöngunni sinni og aðeins 3 nemendur sem ná ekki viðmiðum.
- Nemendur sem eru undir viðmiðum í Logos skimun fá íhlutun sem unnið er í samstarfi við foreldra. Nær allir nemendur bæta sig verulega í endurmati og náðist sérstaklega góður árangur í átaki nemenda í 6. bekk sem unnu markvisst bæði í skóla og heima.
- Mjög góður stuðningur sem við fáum frá kennsluráðgjöfum Fræðsluskrifstofunnar með skimunum sem þessum, markvissum skilafundum og umræðu um úrræði fyrir nemendur. Til að gera starfið markvissara þá eru kennsluráðgjafar í samvinnu við þá kennara sem vinna að lestrarmálum í grunnskólum Reykjaneðjar að endurskoða skipulag skimana og verður það tilbúið næsta haust.
- Í Logos skimun sem lögð er fyrir í 3., 6. og 9. bekk eru of margir nemendur sem eru í hópnum sem mælist fyrir neðan 15 og þarf að vinna betur með þann hóp. Farið er vel yfir þá nemendur sem eru í þessum hópi og óskað eftir nánari Logos greiningu fyrir þá sem ekki hafa farið í slíka greiningu. Oftast eru þetta þó nemendur sem eru með lestrarörðugleika eða dyslexiu.
- Niðurstöður Talnalykils koma ekki nógu vel út bæði hjá 3. og 6. bekk en þó má geta þess að margir nemendur voru alveg við 70% viðmiðið.

6.5 Kennsluaðferðir og mat


Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Samantekt úr kennsluáætlunum sýnir að kennsluaðferðir eru fjölbreyttar sem og námsmatsaðferðir.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að foreldrar eru marktækt yfir landsmeðaltali í ánægju með nám og kennslu í skólanum og þá sérstaklega foreldrar drengja.




Að baki þessari niðurstöðu liggja nokkar spurningar og þar á meðal spurning um ánægju með þær kennsluaðferðir sem notaðar eru í skólanum.

1.1.2 Ég er almennt ánægð(ur) með kennsluaðferðirnar sem notaðar eru í skólanum



Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á námsmati í skólanum og unnið að hæfnimiðara námsmati. Haldið verður áfram að vinna að því að festa þessar breytingar í sessi og styrkja kennara í þeirri vinnu en reynt hefur verið að styðja kennara með markvissri fræðslu jafnt og þétt yfir skólaárið og hefur deildastjóri eldra stigs haldið utan um þá vinnu. Í foreldrakönnun Skólafélagsins kemur fram að foreldrar upplifa að skólinn veiti reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda og er það vel yfir landsmeðaltali en með breytingu á framsetningu á námsmati á Mentor síðustu ár hefur það orðið meira upplýsandi fyrir foreldra sem og nemendur.

1.1.4 Skólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda*




Þá var haldið áfram með kennslurýni skólastjórnenda þar sem stjórnendur fylgjast með kennslu hjá kennurum og í framhaldi var rætt um hvernig til tókst. Mikil ánægja er með kennslurýni og kom það fram í starfsmannaviðtölum að vori.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:


- Kennarar nota margvíslegar kennsluaðferðir og námsmatsaðferðir í kennslu
- Foreldrar eru almennt ánægðir með það nám sem börnin þeirra fá í skólanum og þær kennsluaðferðir sem notaðar eru.
- Foreldrar ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá um námsmat barnanna sinna.

6.6 Samskipti við foreldra.



Í foreldrakönnun í janúar 2019 eru 94% foreldra mjög eða frekar sammála því að skólinn taki tillit til athugasemda og óska foreldra og 98% foreldra treysta starfsfólki skólans mjög vel eða vel sem er lítilsháttar lækkun frá síðasta skólaári. Nær allir foreldrar upplifa að þeir séu velkomnir í skólann og að þeir fylgist vel með námi barnanna sinna.



Í foreldrakönnun skólapúlsins kemur fram að svör foreldra varðandi frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi er undir landsmeðaltali og þá sérstaklega í yngstu bekkjunum.



Samtalsdagar eru tvisvar sinnum á skólaárinu og mæta foreldrar og nemendur vel í þessi viðtöl. Í foreldraviðtali í október er farið yfir líðan og námsframvindu almennt. Í foreldraviðtali í janúar er farið yfir námsframvindu og markmið sett fyrir seinni hluta skólaársins. Í foreldrakönnun í janúar svara 95% foreldra að foreldraviðtalið nýttist þeim vel. Í foreldrakönnun Skólupúlsins var einnig spurt hvernig síðasta foreldraviðtal nýttist og í svörum foreldra kemur fram að á elsta stigi er 100% foreldra ánægðir með viðtalið.



Mæting á skólakynningar að hausti hafa verið samsíðlegar en kennarar hafa verið í auknu mæli að bjóða uppá vísu að skólakynningu í heimastofum eftir skólaárið. Því var ákveðið að prufa á næsta skólaári að hafa skólakynningar á skólaárið og sleppa árlegum morgunfundum skólakynninga sem hafa verið í byrjun september.

Gott samstarf er milli skólans og stjórnar foreldrafélagsins og hafa fulltrúar foreldrafélags skólans unnið í samtarfi með fulltrúum foreldrafélaga annarra grunnskóla í Reykjanesbæ sem hefur gert starf foreldrafélaga grunnskóla bæjarfélagsins markvissara og fjölbreyttara. Fulltrúar foreldrafélags skólans sitja í skólaráði sem fundar undir stjórn skólastjóra 4-5 sinnum á hverju skólaári og hefur þar áhrif á ýmsa þætti tengda skólastarfi.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Foreldrar upplifa sterkt að þeir skólinn taki tillit til óska og athugasemda foreldra og þeir bera fullt traust til starfsfólks skólans.
- Ágæt mæting er hjá foreldrum á samtalsdag í september og janúar og upplifa foreldra að foreldravitölin nýtist sér mjög vel.
- Gott samstarf er við stjórn foreldrafélagsins og í skólanum er virkt skólaráð.

7. Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Árshátíð	Árshátíðarnefnd/ starfsmenn skóla	Árshátíðin byrjaði kl. 12.00. 10 atriði voru á hátíðinni sem gengu vel, þar á meðal opnunaratriði sem danskennari úr Danskompaný útfærði og stjórnaði. Kennarar, foreldrar og nemendur voru mjög sáttir. Að lokinni hátíð var kaffihlaðborð í skólanum sem foreldrar sjá um. Athugasemdir: Tímalengd atriða má vera strangari. Spurning með þátttöku hjá öllum árgöngum en mögulega styttri atriði hjá sléttri tölu. Hafa þema í atriðum. Sjá nánar í skýrslu árshátíðarnefndar.
Brúum bilið/Samfella á milli skólastiga	Deildastjóri yngra stigs	Gagnkvæmar heimsóknir elstu nemenda á leikskólanum Gimli og 1. bekk. Hóparnir hittust ellefu sinnum yfir skólaárið. Aðrir leikskólar í Reykjanesbæ fengu boð um að koma í heimsókn og skoða skólann með tilvonandi nemendum Njarðvíkurskóla.
Dagur íslenskrar tungu	Allir starfsmenn skólans	Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í nóvember með gleðistund á sal en hátíðin var tvískipt eftir stigum. Nemendur sungu, lásu upp ljóð, lásu smásögur, sýndu frumsamið leikrit, sýndu stuttmyndir og margt fleira. Nemendur úr skólahóp af leikskólanum Gimli voru með atriði á dagskrá yngra stigs. Almenn ánægja var með skipulagið.
Dagur stærðfræðinnar	Deildastjóri eldra stigs	Allir kennarar hvattir til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum og horfa til þess að stærðfræði má sjá í flestum viðfangsefnum ef sett eru upp stærðfræðigleraugun. Þemað í ár var rúmfræði og stærðfræði.
Íþróttadagur	Deildastjórar	Allir bekkir skólans kepptu í bæði hefðbundnum og óhefðbundnum þrautum. Í lokin fór fram keppni

		nemenda í 10. bekk við starfsfólk skólans, í körfubolta og fótbolta.
Jólahátíð	Jólanefnd	Hefðbundin dagskrá, gekk mjög vel. Sjá nánar í skýrslu jólanefndar.
Kaffihúsafundur	Deildastjórar	Matsfundur starfsfólks á starfsdögum í júní. Þar er farið yfir einstaka þætti skólastarfsins, starfsaðstöðu og líðan/samskipti starfsfólks
Lestrarsprettur í okt./nóv.	Lestrarteymi	Fyrri lestrarsprettur var 30. október - 9. nóvember. Nemendur lásu eftir fyrir mælum sem komu fram á binóspjaldi. Gekk mjög vel.
Lestrarsprettur í febrúar	Lestrarteymi	Seinni lestrarsprettur var 4.-14. febrúar og bar heitið Poppaður lestur. Í 1.-7. bekk söfnuðu nemendur poppbaunum eftir hverja lesna blaðsíðu og settu í krukku. Þegar sprettinum lauk þá voru baunirnar poppaðar. Nemendur í 8.-10. bekk lásu lásu meira og á ólíkan hátt en áður. Þeim stóð til boða að koma með kodda/teppi í skólann, og fengu allir auka kennslustundir 2-3x í viku til lesturs.
Litla upplestrarkeppnin hjá 4. bekk	Deildastjóri yngra stigs	Keppnin gekk vel og voru nemendur duglegir að æfa sig frá Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Þeir buðu foreldrum á lokakeppnina og í kaffi á eftir.
Samtalsdagar í október og janúar	Deildastjórar	Áhersla á að halda samtalsdegi óbreyttum þar sem nemendur og foreldrar/forráðamenn bókuðu sér viðtal hjá umsjónarkennara í gegnum Mentor en einnig voru fag-, list- og verkgreinakennarar til viðtals í sínum stofum.
Skólakynningar	Kennarar	Skólakynningar voru í september þar sem farið var yfir helstu áhersluatriði skólaársins hjá hverjum árgangi, s.s. námsefni og námsmat, ferðir og viðburði sem og annað skipulag. Nemendur sátu með foreldrum/forráðamönnum á skólakynningum í 4.-10. bekk en ekki nemendur í 1.-3. bekk. Kynningarnar gengu vel en ákveðið hefur verið að tengja skólakynningar og skólasetningu saman á næsta skólaári.
Skólasetning	Deildastjórar	Skólasetning var fjórskipt á sal skólans 22. ágúst - 2.-4. bekk kl. 9:00, 5.-7. bekk kl. 10:00, 8.-10. bekk kl. 11:00 og 1. bekk kl. 12:30. Skólasetning tókst almennt vel og voru foreldrar/forráðamenn hvattir til að mæta með sínum börnum.
Skólaslit	Skólastjórnendur	Skólaslitin voru fjórskipt á sal skólans, 1.-3. bekkur kl. 9:00, 4.-6. bekkur kl. 10:00, 7.-9. bekkur kl. 11:00 og útskrift 10. bekkjar kl. 12:30. Fluttu voru tónlistaratriði á öllum skólaslitunum. Öllu stillt upp á daginn. Athafnirnar tóku um 25 mínútur á sal og svo fóru nemendur/forráðamenn í umsjónarstofur í um 15 mínútur. Aðeins voru veittar viðurkenningar fyrir 7.-10. bekk. Mjög vel mætt af foreldrum/forráðamönnum á öll skólaslitin.

Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk	Deildastjóri eldra stigs	Keppnin gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd og ásýnd keppinnar. Dómarar voru Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri Njarðvíkurskóla, Ástríður Helga Sigurðardóttir íslenskukennari og Anna Hulda Einarsdóttir kennsluráðgjafi.
Útskrift hjá 10. bekk	Skólastjórnendur	Kl. 12.30 á sal skólans og kaffiboð í framhaldi. Flutt tónlistaratriði, aðstoðarskólastjóri stjórnaði útskriftinni. Umsjónarkennarar, fulltrúi nemenda og skólastjóri fluttu ræðu. Allir nemendur fengu trefla að gjöf. Fjöldi viðurkenninga voru veittar.
Vorhátíð	Allir starfsmenn	Fjölbreytt dagskrá, m.a. skruðganga, litahlaup, Jón Jónsson skemmti ofl. Hátíðin gekk vel og skipulagið gott. Athugasemdir: búa til sápurennibraut í brekkunni hjá Ösp fyrir yngri nemendur, stytta tímann- nemendur mæti 30 mín seinna eða kl. 10:00 og gangan byrji kl. 10:30, merkja svæðin með stórum borðum t.d. Tombóla, Andlitsmálning, þarf að vera meira skipulagt hver er hvar frá kl. 8:15-9:00 og hver ber ábyrgð á hverju í uppsetningu og frágangi, hoppukastalarennibraut, fleiri í andlitsmálningu (10-12).
Þemadagar í feb/mars	Allir starfsmenn	Í lok mars voru þemadagar með yfirskriftina „100 ára fullveldi Íslands“. Ópið hús var fyrir foreldra og aðra gesti til að skoða afrakstur vinnu nemenda á síðasta deginum.
Þemadagar og ferðir í maí	Allir starfsmenn	Þemadagar og vorferðir gengu vel. Athugasemdir: Skoða með nestið hjá Skólamat, hafa einfaldari samlokur. Mikilvægt að panta rútur strax í febrúar.
Öskudagur	Deildastjórar	Öskudagurinn var haldinn í mars. Yngri stigið (1.-5. bekkur) fór í þrautir í íþróttahúsinu og eldra stigið (6.-10. bekkur) tók þátt í ýmsum þrautum í stofunum á 3. hæð skólans. Nemendur í 10. bekk settu upp draugahús sem allir nemendur gátu farið í gegnum.

8. Umbótaáætlun

Á grunni þessarar sjálfsmatsskýrslu er unnin áætlun um aðgerðir og umbætur til eins árs, eða til vors 2020. Sú áætlun er einnig aðgengileg á heimasíðu skólans og kynnt starfsfólki að hausti 2019.

Reykjanesbæ, júní 2019

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri
Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri